



# 3 KAFLI SKÁTAFLOKKURINN

# EFNISYFIRLIT



## GRUNNHUGTÖK

- Flokkakerfið er burðarás skátaaðferðarinnar hjá dróttskátum
- Skátaflokkurinn er í eðli sínu tvíþættur, formlegur og óformlegur

## SKÁTAFLOKKURINN SEM ÓFORMLEGUR HÓPUR

- Skátaaðferðin setur óformleg einkenni flokksins í öndvegi
- Unglingarnir ganga sjálfviljugir í skátaflokkinn
- Innbyrðis tengsl unglínganna skipta mestu máli
- Skátaflokkurinn er varanlegur hópur, tengdur traustum böndum
- Ekki færri en fimm skátar og ekki fleiri en átta
- Skátaflokkar geta verið aldursblandaðir eða hópar jafnaldra
- Skátarnir í flokknum þurfa að hafa svipuð áhugamál
- Verkefni og viðfangsefni þurfa að hæfa unglíngunum
- Uppbygging er sveigjanleg
- Skátaflokkurinn hefur einn formlegan vettvang: Flokksþingið
- Embættin sem unglíngarnir fela hverjir öðrum skilgreina innri hlutverk og verkefni
- Sjálfgefna reglur unglínganna skapa siði og venjur flokksins

- Reglur jafningjahópa fara saman við skátalögin
- Flokksforinginn er kosinn af skátunum og gegnir mikilvægu hlutverki
- Einkenni skátaflokksins
- Í skátaflokknum er hægt að njóta þess að umgangast vini sína

## FLOKKURINN SEM LÆRDÓMSVETTANGUR

- Námið í skátaflokknum mótar unglínginn
- Skátaflokkar læra með reynslunámi
- Mikilvægt er að þekkingin nýtist strax
- Í skátaflokknum læra unglíngarnir sem hópur með því að vinna hvert verkefnið af öðru
- Unglingar læra að læra
- Skátaaðferðin skapar lærdómsvettvang innan flokksins
- Skátaflokkurinn hvetur unglíngana til þátttöku í nærsamfélaginu
- Skátaflokkurinn hefur líka áhuga á samfélaginu í víðara samhengi
- Flokkurinn getur verið fyrir annað kynið eða bæði
- Viðmið við ákvörðun um blandaða skátaflokka
- Skátaflokkurinn starfar á grundvelli skátaaðferðarinnar og samskipti flokkanna fara fram innan skátasveitarinnar

## Flokkakerfið er burðarás skátaaðferðarinnar hjá dróttskátum

Þær þrjár grunnhvatir unglunga sem táknræna umgjörðin byggir á eru, auk löngunarinnar til að kanna ný svið og nema nýjar lendur, þörfin fyrir að tilheyra jafningjahópi.

Meginkjarni skátaaðferðarinnar í dróttskátastarfi er að nýta þessa félagsþörf unglunganna í þágu uppeldis og fræðslu. Í „Aids to Scoutmastership“ (1919) tók Baden-Powell skýrt fram að „flokkakerfið [sé] sá ómissandi þáttur sem greinir skátauppeldi frá öllum öðrum hreyfingum og stofnunum“. Frumleiki Baden-Powells fólst í því að uppgötva tækifærin sem jafningjahóparnir veita til að ýta undir getu ungmenna til að standa á eigin fótum.

Baden-Powell hafði notað þessa þörf ungmenna til að mynda jafningjahópa þegar hann var í hernum. Hann prófaði sig skipulega áfram og lærði af reynslunni. Þegar hann gaf út samantekt af ábendingum um könnunarleiðangra árið 1899, bókina *Aids to Scouting*, tóku kennarar að nýta sér hana á nýstárlegan hátt í starfi sínu með ungmenum.

Aðferðin þótti djörf á sínum tíma og henni hafði aldrei verið beitt innan æskulýðssamtaka fyrr en Baden-Powell prófaði flokkakerfið sjálfur 1907 með ungmenum í fyrstu skátaútilegu sögunnar á Brownsea-eyju. Skömmu síðar útfærði hann þessa nálgun í bók sinni *Scouting for Boys* og upp frá því spruttu upp skátaflokkar um allan heim og fjölgaði ört.

Unglingar hafa enn í dag eðlislæga tilhneigingu til að mynda gengi eða vinahópa, ekki síður en árið 1907. Við erum einungis að notfæra okkur þessa tilhneigingu með því að byggja stærstan hluta skátastarfsins á flokkakerfinu. Líkurnar á góðum árangri eru næstum 100% með þessari aðferð, svo framarlega sem henni er beitt á réttan hátt með því að láta unglungunum eftir frumkvæðið og ábyrgðina, en ekki nota hana til að auðvelda starf skátaforingjans eða skipta sveitinni í minni og viðráðanlegri einingar.

Baden-Powell varaði okkur við hugsanlegri misnotkun á flokkakerfinu:

„... meginatriðið er ekki að spara skátaforingjanum umstang, heldur að veita ungmenninum ábyrgð, enda er það besta hugsanlega leiðin til að þroska persónuleikann.“

(Baden-Powell, *Aids to Scoutmastership*, 1919)



# Skátaflokkurinn er í eðli sínu tvíþættur, formlegur og óformlegur

Flokkakerfið er skipulags- og uppeldskerfi byggt á skátaaðferðinni. Þar sem vinir mynda sjálfviljugir lítinn auðkenndan hóp með þeim ásetningi að hann endist til frambúðar og til að njóta þar vináttu, styðja hver annan í persónulegum þroska, takast á við sameiginleg verkefni og eiga samskipti við aðra svipaða hópa.

Flokkurinn er fyrst og fremst „náttúruleg félagsmyndun“.

Rannsóknir á félagsheildum skilgreina „hóp“ sem mengi einstaklinga þar sem hegðun og frammistaða allra meðlima verður fyrir áhrifum af hegðun og frammistöðu hinna. Greinarmunur er gerður á *formlegum* hópum og *óformlegum*.

Stjórnendur samtaka mynda formlega hópa af ásettu ráði til að ná fyrirfram skilgreindum markmiðum samtaka eða fyrirtækja. *Óformlegir* hópar verða aftur á móti til vegna einstaklingsframtaks og myndast í kringum sameiginleg áhugamál og vináttu, fremur en af meðvituðum ásetningi. Hóparnir verða til af því að meðlimirnir eiga eitthvað sameiginlegt.

Munurinn felst í því að formlegir hópar eru búnir til af formlegum samtökum í ákveðnum tilgangi en óformlegir hópar eru hins vegar mikilvægir í sjálfu sér og fullnægja tengslabörf manneskjunnar.

Skátaflokkurinn er umfram allt *óformlegur hópur*. Það er grundvallarverkefni *sveitarforingjanna* að halda honum þannig. „Frá sjónarhóli ungmenna veitir skátastarfið þeim aðild að vinahópum sem þeim er eðlislægt að mynda, hvort heldur er til leikja, óknytta eða bara til að slæpast.“

(Baden-Powell, *Aids to Scoutmastership*, 1919.)

Skátaaðferðin notar aftur á móti flokkinn sem „vettvang“ til fræðslu og uppeldis. Þannig verður skátaflokkurinn „lærdómsvettvangur“ sem gæðir hann jafnframt formlegri vídd. Þar sem flokkurinn er í senn *óformlegur* og *formlegur* verður hann að vissu leyti flókin.

Flokkurinn sem óformlegur hópur	Flokkurinn sem formlegur hópur
Sjálfsprottin félagsheild með eigin einkenni, mynduð að frumkvæði vinahóps, ætluð til að endast lengi og til að geta ræktað vináttuna.	Lærdómsvettvangur byggður á skátaaðferðinni, þar sem hópur unglunga styður hvern einstakling til persónulegs þroska, ræðst í sameiginleg verkefni og á samskipti við áþekka hópa.
<b>Því betur sem við verndum markmið hópsins, því betur nást markmið hans.</b>	
<b>óformleg</b>	<b>formleg</b>

Hann er óformlegur af því að hann sprettur af tengslabörf unglínganna sjálfra; samt er hann líka formlegur af því að skátaaðferðin ætlast til þess að hann stuðli að þroska meðlimanna með sjálfsmenntun. Með öðrum orðum mætti segja að hann sé óformlegur frá sjónarhóli unglínganna og formlegur frá sjónarhóli skátaforingjanna.

Það að skátaflokkurinn er bæði formlegur og óformlegur hópur veitir honum mikla breidd og setur hann mitt á milli persónulegra þarfa og væntinga unglínganna annar svegar og uppeldismarkmiða skátahreyfingarinnar hins vegar.



Til að nýta sér þessa einstöku aðstöðu er brýnt að skilja að flokkurinn uppfyllir aðeins markmið sín sem formlegur hópur að því marki sem eðli hans sem óformlegs hóps er virt. Með þessu móti nær flokkurinn mestri einingu, tryggð og krafti og það þjónar tilgangi skátahreyfingarinnar miklu betur og skilar mun meiru en hægt væri að ná fram ef við íþyngdum hópnum með utanaðkomandi reglum, útlistunum og fyrirmælum í því skyni að hann gegndi betur formlegu hlutverki sínu sem lærdómsvettvangur. Lykillinn að því að skilja flokkakerfið er að skilja þetta.

# SKÁTAFLOKKURINN SEM ÓFORMLEGUR HÓPUR

## Skátaaðferðin setur óformleg einkenni flokksins í öndvegi

Þótt óformlegir hópar hafi ekki tilgreind og innbyggð hlutverk uppfylla þeir margar af félagsálfræðilegum grunnþörfum okkar og reyndar svo mikið að þeir eru óaðskiljanlegur þáttur í öllu umhverfi okkar á fullorðinsárum.

Hópar eru umfram allt leið til að uppfylla *tengslaparfir* okkar, það er að segja þörfina fyrir að vera hluti af heild, þörfina fyrir vináttu og siðferðilegan og tilfinningalegan stuðning.

Upprunaleg frumgerð þessara hópa er fjölskyldan – einnig kölluð „frumhópurinn“ – sem sér okkur fyrir grundvallartengslum. Það skiptir ekki máli hvað við erum gömul, hvort við erum ungmenni eða fullorðið fólk, við vitum að við þurfum hópa af vinum, samstarfsmönnum, frístundafélögum og mörgum öðrum sem uppfylla þessar þarfir.

Hóparnir eru ennþá mikilvægari á milli 10 og 15 ára aldurs, í upphafi og fram eftir gelgju-skeiðinu, þegar ungar stúlkur og piltar þurfa að vera hluti af heild, finna út hver þau eru og öðlast viðurkenningu á sjálfum sér. Líf unglings í skátaflokki er samtvinnað lífi annarra. Hann ber umhyggju fyrir öðrum skátum og það sem meira máli skiptir, þeir bera umhyggju fyrir honum. Ef skátinn væri fjarverandi yrði hans saknað. Framlag allra er metið að verðleikum.

Hópar þroska, efla og staðfesta *sjálfsmynd* okkar og viðhalda *sjálfsvirðingunni*. Fjölskyldan er hópurinn sem setur þetta grundvallarferli af stað, en jafningjahópar veita þýðingarmikinn stuðning við að móta eða staðfesta hugmyndir okkar um hver við erum, hve mikilvæg við erum og þar af leiðandi hvað okkur finnst við verðskulda.

Skátaflokkurinn hjálpar til við að staðfesta sjálfsmynd unglingsanna og hversu verðugir þeim finnst þeir vera, ekki bara með innri uppbyggingu flokksins, heldur líka með táknum hans, hvatamerkjum, hefðum og öðrum ytri tjáningarformum.

Hópar hjálpa til við að *leggja grunn að félagslegum veruleika og staðfesta hann*. Við getum dregið úr óvissu okkar um félagslegt umhverfi með því að ræða við aðra um vandamálín sem óvissa veldur okkur, fundið sameiginleg sjónarmið og reynt að komast að almennu samkomulagi um hvernig á að leysa málin.

Flokksstíllinn, öll verkefni, leikirnir og samfelld innri orðræða, hjálpar ungmennunum að vera óhrædd við að þroska eigin leiðir til þátttöku og vera hluti af heiminum.

Jafningjahópar hjálpa þeim líka að *draga úr óöryggi, kvíða og vanmætti*. Því fleiri sem eru í okkar líði, því sterkari upplifum við okkur. Því verður kvíðinn og öryggisleysið minna þegar við stöndum frammi fyrir hættu eða einhverju nýju eða óþekktu. Þetta á ekki síst við á unglingsárunum þegar við erum að móta nýjar aðferðir til að læra á tilveruna, eins og unglingar þurfa að gera.



Hópar sjá meðlimunum fyrir aðferðum til að greiða úr vandamálum eða horfast í augu við ýmis verk sem þeir þurfa að leysa af hendi. Hópurinn getur safnað upplýsingum, hlustað, veitt aðstoð, boðið upp á annað sjónarhorn, hitt alls konar fólk. Þegar kemur að ákvörðun um framkvæmdir getur hann úthlutað verkefnum og náð árangri fyrir tilstilli einstaklinganna sem í honum eru.

Öllum þessum markmiðum er hægt að ná með því að standa vörð um flokkinn sem óformlegan hóp, það er að segja *sjálfviljuga þátttöku, varanleika og sérkenni* flokksins sem hóps unglinga sem njóta *vináttunnar hverjir við aðra*.

## Unglingarnir ganga sjálfviljugir í skátaflokkinn

Framangreint er einkenni óformlegra hópa. Unglingarnir hafa frjálst val um að ganga í skátaflokkinn með samþykki annarra skáta í flokknum. Unglingar vilja helst umgangast þá sem þeir kunna vel við og líður vel nálægt, til dæmis vini sem hafa svipuð áhugamál og þeir. Allir skátar ættu að vera í flokki þar sem þeim finnst þeir velkomnir og geta starfað óþvingað.

Þessi sjálfviljuga þátttaka þýðir líka að unglingarnir skipta kannski um skátaflokk, ef báðir flokkar eru samþykktir tilfærslunni. Þess vegna eru skátaflokkar ekki alltaf fastskorðaðar eða formlegar einingar og skátaflokkar í hverri sveit eru iðulega misstórir og misöflugir.

Sumum skátaforingjum þykja þessar síbreytilegu og sundurleitu aðstæður kannski óþægilegar gagnvart stjórnun og áætlanagerð sveitarinnar sem einingar. Þeir hafa jafnvel tilhneigingu til að reyna að jafna út flokkana og gera þá eins líka hver öðrum og hægt er. Slíkt stangast á við flokkakerfið. Það skiptir mestu máli að skátaflokkarnir séu raun-

verulegir vinahópar en ekki að skátasveitin líti út fyrir að vera í jafnvægi eða sé skipt niður í jafnstóra og einsleita hópa. Við þurfum að læra að líta á skátasveitina sem bandalag ólíkra en innbyrðis tengdra skátaflokka.



# Innbyrðis tengsl unglínganna skipta mestu máli

Þegar nýr flokkur er myndaður eða skátasveit byggð upp frá einum skátaflokki og meginreglunni um sjálfviljuga þátttöku fylgt, er skynsamlegast að finna sjálfmyndaðan jafningjahóp og bjóða honum að ganga í skátana og mynda skátaflokk. Það er sennilega besta leiðin til að fjölga í skátasveitinni.

Þegar fækkað hefur í skátasveit af einhverjum ástæðum og nauðsynlegt er að fjölga skátunum er yfirleitt best að láta unglíngana bjóða vinum sínum að slást í hópinn. Ef nýliðarnir koma úr fálkaskátasveit sama skátafélags þarf að láta flokkana vita það með fyrirvara svo að þeir fái færi á að taka á móti þeim, mynda persónuleg tengsl, ræða möguleikana á að ganga í flokkinn og vekja áhuga nýliðanna. Þetta er kynningar- og samningaferli sem fer fram „á milli unga fólksins“.

Ef strákur eða stelpa utan skátafélagsins sem á ekki vin eða vini í einhverjum skátaflokkanna, óskar eftir því að ganga í skátasveitina ætti foringinn að stinga upp á leiðum eða koma því í kring að vinatengsl geti myndast. Þessi staða getur komið upp ef foreldrar koma með unglínginn, kennari eða starfsmaður í félagsmiðstöð hefur stungið upp á skátastarfi eða hann kemur einfaldlega að eigin frumkvæði. Unglíngurinn getur sjálfur átt frumkvæði að þátttöku ef gott orð fer af skátasveitinni í nærsamfélaginu eða af því að hann hefur séð eða heyrt af því hvað skátarnir gera og langar að ganga til liðs við þá.

Sem betur fer eru unglíngar fljótir að eignast vini og eiga því oftast auðvelt með að samlagast hópnum. Til þess að slíkt heppnist vel þarf engu að síður að uppfylla þrjú skilyrði: umsækjandinn þarf að hafa áhuga, vinatengsl þurfa að myndast og flokkurinn þarf að viðurkenna nýliðann.



Í öllum þessum tilvikum væri misráðið af sveitarforingja að endurskipuleggja og stokka upp flokka að eigin frumkvæði, hrinda af stað umfangsmiklu innritunarátaki sveitarinnar til að fjölga meðlimum, skipta fálkaskátunum sem eru að færast upp um aldurstig „jafnt“ á milli flokka, eða slá saman og skipta flokkum upp með fárra mánaða millibili til að jafna stærð þeirra. Allar þessar aðgerðir hafa reynst sérlega árangursríkar til að eyðileggja flokkakerfið, af því að þær uppræta eiginleika „óformlega vinahópsins“ og – það sem verra er með tilliti til markmiða skátahreyfingarinnar –

hamla því að hann verði árangursríkur lærdómsvettvangur.

„Meginmarkmið flokkakerfisins er að veita eins mörgum unglíngum og hægt er ósvikna ábyrgð með það fyrir augum að þroska skapgerð þeirra. Ef skátaforingi veitir flokkunum raunverulegt sjálfstæði, ætlast til mikils af unglíngunum og gefur þeim lausan tauminn með að inna verkin af hendi, hefur sá skátaforingi gert meira til að styrkja skapgerð viðkomandi ungmenna en nokkurt skólanám gæti áorkað.“

(Baden-Powell, *Aids to Scoutmastership*, 1919)



## Skátaflokkurinn er varanlegur hópur, tengdur traustum böndum

Þótt mikil áhersla hafi verið lögð á sjálfviljuga þátttöku er skátaflokkurinn ekki hópur sem myndaður er í þeim eina tilgangi að ná skammtímamarkmiðum. Hann er varanlegur vindahópur sem skapar sér sögu, kemur á hefðum, deilir ábyrgð og skiptir með sér verkum sem byggja á reynslu og áhuga skátanna. Öllu þessu er smám saman miðlað til nýliða flokksins.

Stöðugleiki vindahóps fer næstum alfarið eftir því hvað vináttuböndin eru traust. Tengslin eru aflið sem heldur meðlimum hópsins saman og gerir þá sterkari en öflin sem reyna að sundra þeim. Unglingar bindast vináttuböndum, laðast hver að öðrum og eru hreyknir af því að tilheyra skátaflokknum sínum.

Markmið skátaflokksins fara saman við persónuleg markmið skátanna og meðal annars þess vegna bindast þeir traustari böndum.

### Annað sem treystir böndin:

- Foringi sem tekur virkan þátt í starfinu.
- Velgengni hópsins í verkefnunum sem hann ákveður að vinna.
- Innbyrðis hlutverk eru uppfyllt sem skyldi.
- Hlustað er á skoðanir allra í flokknum.
- Ráðist er í skemmtileg verkefni.
- Unglingarnir sjá að flokkurinn hjálpar þeim að ná persónulegum markmiðum.
- Áhugamál halda áfram að vera sameiginleg.



Nokkrir mikilvægir þættir sem einkenna skátaflokkinn tengjast þessum tengslum eða einingu: *Fjöldi skáta í flokkunum, aldur þeirra, sameiginleg áhugamál og rétt val á verkefnum og athöfnum.*

## Ekki færri en fimm skátar og ekki fleiri en átta

Það er engin kjörstærð á skátaflokki, en reynslan hefur sýnt að heppilegast er að skátarnir séu fimm til átta. Innan þeirra marka er fjöldi vina í hópnum besta stærðin eða fjöldinn sem þeir hafa sjálfir valið. Gæði flokksstarfsins fara ekki eftir fjölda skátanna í flokknum heldur því hvað þeir bindast traustum böndum innbyrðis. Þannig á að ákveða heppilegustu stærð flokka og enginn hefur betra vit á því en flokksmeðlimirnir sjálfir.



## Skátaflokkar geta verið aldursblandaðir eða hópar jafnaldra

Í *aldursblönduðum* skátaflokki eru unglingar á ólíkum aldri og þess vegna geta skátarnir í flokknum verið á svölítið ólíku þroskastigi. Í þriggja árganga flokki getur reynst erfitt að finna sameiginleg áhugamál og vinna verkefni sem henta öllum skátum flokksins.

Aldursbreiddin þýðir aftur á móti að þeir eldri geta hjálpað þeim yngri að fóta sig og reynsla þeirra nýtist til að aðstoða þá yngri við að takast á við verkefni sem þeir ráða ekki nógu vel við. Þannig skiptist á *sýnikennsla* og *herminám* sem kennir flokknum að vinna saman og stuðlar að þroska yngri skátanna.

Í *jafnaldra* flokki eru unglingar á sama aldursári og eflaust á svipuðum stað í þroskaferlinu. Þeir eru að vinna að áþekkingu eða sömu áfangamarkmiðum og eiga sennilega margt fleira sameiginlegt. Þeir eiga því auðveldara með að ná saman og finna verkefni sem höfða til þeirra allra. Leiðbeinandi samskiptin sem verða til í aldursblandaða skátaflokknum eru ekki eins áberandi en eru vissulega fyrir hendi í jafnaldra flokknum, jafnvel á enn meira þroskandi og hvetjandi hátt en í þeim aldursblandaða.

Margar skátasveitir greina ítarlega hvor þessara hóptegunda hentar þeim betur. Í flokkaferfinu þar sem þátttaka á að vera sjálfviljug hafa sveitarforingjarnir hins vegar ekki heimild til að velja á milli þessara tveggja valkosta. Annar hvor verður einfaldlega ofan á, allt eftir aðstæðum eða þróun skátaflokkanna, og foringjarnir þurfa að starfa í samræmi við það.

Aldurssamsetning flokks skiptir ekki máli nema að því marki að foringjar þurfa að þekkja styrk hans og þá þætti sem helst þarf að efla. Það ætti aldrei að gerast að sveitarforingi neiti hópi vana á ólíkum aldri að mynda skátaflokk á þeim forsendum að það séu „bara jafnaldra flokkar í þessari sveit“. Það ætti ekki heldur að fylla upp í flokk 15 ára unglinga sem eru tengdir traustum böndum með 12 eða 13 ára krökkum, nýkomnum úr fálkaskátunum, á þeim forsendum að flokkurinn þurfi að „endurheimta aldursblönduðu samsetninguna“.

**Eina leiðin til að leysa vandamál eins og nefnd voru hér á undan er að láta skátana sjálfa ráða hverjir eru í skátaflokknum þeirra. Sveitarforingjarnir eiga alla jafnan ekki að skipta sér af innri tengslum flokksins.**

## Skátarnir í flokknunum þurfa að hafa svipuð áhugamál

Það er eðlilegt að í skátaflokki séu mismargir skátar og jafnvel á svolítið ólíkum aldri, rétt eins og í öðrum vinahópum. Aftur á móti treystir það vinnuböndin og stöðugleika hópsins ef unglingarnir hafa svipuð áhugamál og reynslu, auk þess að vera nokkurn veginn á sama máli um grundvallargildi og markmið sameiginlegra verkefna. Ef skátarnir eru mjög ólíkir að þessu leyti getur það dregið úr samskiptum þeirra og flokkurinn nær ekki eins góðum árangri.



Sem vinir er líklegt að skátarnir í flokknunum hafi svipuð áhugamál og skoðanir eða séu fljótir að tileinka sér þær þótt við eignumst vissulega oft vini og þyki vænt um fólk sem er ólíkt okkur. Þó að ekki sé hægt að breyta persónulegum bakgrunni unglingsins öðlast hann svipuð áhugamál og verður sammála gildum og markmiðum skátaflokkssins meðan á lærdómsferlinu stendur. Hvað sem því líður er þetta mikilvægur þáttur og sveitar- og flokksfóringjar ættu að hafa hann í huga í starfi sínu með flokknunum.

## Verkefni og viðfangsefni þurfa að hæfa unglungunum

Val á verkefnum flokks þarf að vera í samræmi við getu unglunganna og það efni, búnað og aðstöðu sem fyrir hendi er. Verkefnum ætti að úthluta í samræmi við hæfileika og getu hvers einstaks skáta í flokknunum. Ef verkefni eru of auðveld og reyna ekki nægilega á unglungana missa þeir áhugann. Ef verkefni eru hins vegar umfram getu flokksins er hætt við að unglungarnir verði óánægðir og vonsviknir. Í báðum tilvikum hafa viðbrögð skátanna áhrif á samstöðuna í flokknunum og veikja hann.

Þetta jafnvægi á milli verkefna, viðfangsefna og getu er hluti af þroskaferli flokksins þar sem árangri er náð með því að prófa sig stöðugt áfram.

Ef engar framfarir verða kemur það í hlut sveitarfóringjanna að hjálpa flokksfóringjunum að skapa réttar aðstæður svo flokkurinn geti náð jafnvægi.



Sjálfsmynd skátaflokkssins byggist á því hvernig skátarnir upplifa sérkenni hans bæði í tíma og rúmi. Sérkenni tengjast uppbyggingu flokksins, *stöðu og hlutverkum, reglum, forystu og táknum.*

## Uppbygging er sveigjanleg



Allir skátaflokkar hafa sjálfsprottna uppbyggingu sem er í stöðugri þróun. Unglingarnir eru jafnvel á mismunandi aldri, búa yfir ólíkri reynslu og skapgerð. Þeir gegna ólíkum stöðum í hópnum sem þeir aðlaga svo eftir því sem þeir kynnast betur, með auknum þroska og þegar eldri skátar kveðja eða nýir ganga til liðs við flokkinn.

Uppbygging flokksins stjórnast af því hvernig ólíkar stöður innan hans tengjast. Allar utanaðkomandi tillögur um breytingu á uppbyggingunni verða að taka mið af

því, sama hvort þær eru eitthvað sem sveitarföngjunum finnast, „tengjast hefðum skátasveitarinnar“ eða almennum reglum skátafélagsins. Nánast sjálfsprottin uppbygging er eitt af einkennum óformlegs hóps. Tillögur utan frá ættu því að vera sveigjanlegar svo að allir flokkar geti notað þær eða sniðið þær að sínum þörfum.

Því sveigjanlegri ramma sem sveitin leggur til því auðveldara verður að standa vörð um eiginleika skátaflokksins. Eins og þegar hefur komið fram á flokkurinn auðveldara með að uppfylla uppeldishlutverkið sem *skátaaðferðin* felur honum ef gætt er að því að hann sé áfram óformlegur vinahópur.

Skilvirkni flokkakerfisins er að miklu leyti háð því að föngjarnir gleymi aldrei þessum þversagnakenndu sérkennum *formlegra* og *óformlegra* hópa.

## Skátaflokkurinn hefur aðeins einn formlegan vettvang: Flokksþingið

Flokksþingið á að vera formlegur vettvangur til að taka nauðsynlegar ákvarðanir. Allir skátarnir í flokknum taka þátt í því undir stjórn flokksföngjans. Flokksþingið getur komið saman hvenær sem skátaflokkurinn telur þörf á því þótt þingfundir ættu ekki að vera svo algengir að þeir breytist í venjulega flokksfundi sem eru fremur vinnufundir. Allar ákvarðanir flokksþings ætti að skrá í flokksbókina.

Umfjöllunarefni flokksþings þurfa að tengjast flokksstarfinu beint, eins og til dæmis þessi:

- Samþykki flokksáætlunar og verkefna flokksins í dagskrárhring og verkefna sem lagt er til að skátasveitin vinni sameiginlega.
- Mat á verkefnum flokksins og langtíma verkefnum.
- Uppbyggilegar umræður og athugasemdir sem innlegg í sjálfsmat allra skátanna í flokknum.
- Kosning flokksföngja og aðstoðar-flokksföngja.
- Skilgreiningar og úthlutun embættanna í skátaflokknum og mat á frammistöðu skátanna sem „embættismanna“.
- Ráðstöfun á eignum og lausafé skátaflokksins.

## Embættin sem unglíngarnir fela hverjir öðrum skilgreina innri hlutverk og verkefni

Embætti er sú staða sem aðrir veita einhverjum í hópnum. Í formlegum hópum byggjast embætti yfirleitt á stöðunni sem viðkomandi hefur í formlegu skipuriti, en í óformlegum hópum geta embættin byggst á ýmsum kringumstæðum sem skipta hópinn máli.



Í skátaflokknum úthluta skátarnir hver öðrum embættum eftir aldri, hvað viðkomandi hefur verið lengi í flokknum, reynslu, vináttuböndum, hæfileikum viðkomandi og sérstakri kunnáttu.

Veitt embætti lúta næstum alltaf formlegu stigveldi. Í samræmi við það úthluta skátaflokkar meðlimunum yfirleitt tiltölulega varanlegum *stöðum*:

- Flokksforingi sem er drifkrafturinn í starfi flokksins, stýrir áætlanagerð og skipulagningu verkefna og er fulltrúi flokksins í sveitaráði.
- Aðstoðarflokksforingi sem leysir flokksforingjann af og er einnig fulltrúi flokksins í sveitaráði.
- Birgðastjóri eða áhaldavörður sem lítur eftir búnaði og eigum flokksins og úthlutar verkefnum við viðhald þeirra til hinna skátanna.
- Gjaldkeri sem heldur utan um fjárreiður skátaflokksins.
- Kynningarstjóri sem fylgist með og miðlar upplýsingum um tilboð og hugmyndir af heimasíðu BÍS og skátafélaga og flytur fréttir af starfi flokksins á heimasíðu félagsins, sveitarinnar eða flokksins.
- Matreiðslumeistari sem stýrir sameiginlegum matarinnkaupum, úthlutar verkum við matseld og sér til þess að skátarnir borði hollan og fjölbreyttan mat í ferðum og útilegum.
- Ritari sem sér um að halda flokksbókina, skráir ákvarðanir og minnir skátana á skyldur sínar og skiladaga.
- Sáttasemjari sem miðlar málum ef einhverjir fara að rífast eða ef upp kemur ósætti og fylgist með klukkunni svo dagskrá gangi eðlilega fyrir sig.
- Varðeldastjóri sem sérhæfir sig í bálgerðum, leikja- og kvöldvökustjórn, skemmtiatriðum og getur alltaf stungið upp á skemmtilegum söng eða leik.
- Önnur ábyrgðarhlutverk sem kunna að verða til eftir þörfum flokksins.

Skátarnir skiptast reglulega á um að gegna þessum embættum þótt þeir kunni að verða endurkjörnir ef flokkspingið samþykkir það. Það er ekki gott að sveitin setji reglur um hvað kosið skuli í embætti til langs tíma. Flokkurinn ætti að ráða því sjálfur, þó að þessur þurfi að gæta að stöðurnar séu tiltölulega varanlegar.

Samhliða þessu er *störfum* úthlutað í samræmi við verkefni sem framundan eru. Með embættum og verkefnum gefst tækifæri til að þroska ábyrgðartilfinningu, öðlast þekkingu, samhæfa viðhorf og tileinka sér leikni. Unglingarnir verða smám saman fróðari af því að gegna þessum hlutverkum, endurmeta þau stöðugt og halda áfram að þróa þau.

Flest vandamál innan skátaflokka koma upp þegar skilningur á einhverju af þessum hlutverkum brenglast eða er rangur. Það getur gerst þegar stigsmunur er á því hvernig flokksmeðlimir telja að einhver eigi að haga sér (væntingar um hlutverk), hvernig viðkomandi telur að hann eigi að haga sér (skynjun á hlutverki) og hvernig hann hagar sér í raun og veru (framsetning á hlutverki). Samstaðan í flokknum og þar af leiðandi stöðugleiki hans og ending, byggist á því að þessi þrískipti skilningur á hlutverki fari saman. Bregðist það koma yfirleitt upp deilur. Flokksþingið þarf þá að breyta hlutverkunum og aðlaga þau eftir þörfum til að flokkurinn geti starfað áfram án árekstra.

## *Sjálfgefnar reglur unglínganna skapa siði og venjur flokksins*



Reglur óformlegs hóps eru í raun þau sameiginlegu sjónarmið skátanna sem þeir telja mikilvæg. Allir óformlegir hópar unglíngna hafa fjölmargar reglur sem komið er á framfæri munnlega fremur en skriflega og í mörgum tilvikum eru þær ekki einu sinni skilgreindar ítarlega heldur vita allir meðlimirnir ósjálfrátt hverjar þær eru.

Að undanskildum þeim grundvallarreglum sem koma fram í skátalögum og öðrum lögum sem tengjast sértækum þáttum verða að sjálfsögðu til margar aðrar reglur innan flokksins í tengslum við starfshætti hans. Reglurnar mynda það sem við getum kallað *innri menningu* skátaflokksins, siði hans eða venjur. Reglurnar breytast eftir því sem flokkurinn þróast og unglíngarnir lýsa því þryðilega þegar þeir segja „svona framkvæmum við hlutina í flokknum okkar“.

Siði og venjur má til dæmis þekkja af því hvernig fundir eru haldnir, tímanum sem varið er í flokksstarfið, stílnum á flokksbókinni sem og ástandi tækja og tóla. Hversu unglíngarnir eru hreyknir af að vera í flokknum sínum, sambandi flokksforingjans og annarra skáta, hvað þeir líkja mikið hverjir eftir öðrum, stundvísi og ábyrgð. Einnig leyndinni sem skátarnir vilja að hvíli á ákvörðunum þeirra, uppbyggingunni sem kemst á, hvað þeir telja ásættanlegt og óásættanlegt, persónulegum smekk og samskiptum stelpna og stráka.



Það er mikilvægt að skilja að athyglisverðar aðstæður geta myndast í sambandi við reglur í öllum óformlegum hópum, þar á meðal aðstæður sem nefndar eru *samsömun*, *smit* og *innblástur*.

*Samsömun* höfðar til þess að félagar í hópi taka ómeðvitað upp sameiginlegar reglur og viðhorf til að öðlast viðurkenningu hópsins. Þannig fara þeir að kunna vel hver við annan og það dregur úr ótta þeirra við að vera hafnað sem „óviðkomandi“. *Smit* er þegar reglur og viðhorf berast frá einum meðlimi til annars og hver hermir eftir öðrum. Þegar tveir eða fleiri í hópnum haga sér á tiltekinn hátt er algengt að aðrir tileinki sér líka sömu framkomu. Síðasta atriðið, *innblástur*, snýr að ósjálfráðri viðurkenningu á reglum og viðhorfum sem sjást hjá foringjanum eða öðrum sem taldir eru „hærra settir“.

Þessi fyrirbæri koma líka fyrir í skátaflokknum. Skátarnir vilja tilheyra flokknum sínum og gera því svipaða hluti og aðrir í hópnum, herma eftir og fylgja fordæmi vina sinna og til-einka sér ósjálfrátt reglurnar sem foringinn setur. Það er hvorki gott né slæmt, þetta er bara svona. Það er hlutverk sveitarforingja að tryggja að flokksforingjarnir geri sér grein fyrir þessu, læri að takast á við aðstæður og reyni að koma í veg fyrir að hegðunin gangi út í öfgar. Slíkt kemur í veg fyrir að reglur spretti upp á frjálsan og meðvitaðan hátt í sátt og samlyndi, en það er forsenda þess að unglingar geti þróað með sér samviskusemi og sjálfstæði.

## Reglur jafningjahópa fara saman við skátalögin

**Vísindarannsóknir hafa leitt í ljós að meðal þeirra reglna sem viðurkenndar eru innan óformlegra jafningjahópa, meira að segja glæpagengja, eru reglur sem stuðla að gagnkvæmu trausti, byggðar á einlægni, tryggð og hollustu. Það er auðvelt að sjá hvernig slíkar reglur samsvara vissum gildum skátalaganna.**

Hvernig má það vera? Það er vegna þess að Baden-Powell hugsaði skátalögin ekki einungis út frá grunnildum skátastarfsins heldur tók hann líka mið af eðlislægum metnaði og löngunum unga fólksins. Það er því mikilvægt að skátaflokkurinn tileinki sér skátalögin og líti á þau sem hluta af eigin grunnildum. Um leið og skátarnir í flokknum gera skátalögin að lífsstíl sínum fer flokkurinn að gegna tvöföldu hlutverki sínu, sem *jafningjahópur* og *lærdómsvettvangur*.



Því má halda fram að með því að hvetja skátaflokka til að gera skátalögin að sínum, vegi formleg hlið hreyfingarinnar að óformleika hópsins. Vissulega er það rétt og ætti ekki að koma neinum á óvart innan uppeldishreyfingar. Skátalögin samræmast aftur á móti svo vel tilfinningum, metnaði og löngunum unglinganna og reglum óformlegra hópa að íhlutunin er sáralítil samanborið við kosti þess að hafa skrásettar grundvallarreglur sem unglingar geta tekið mið af í lífinu. Ekki er síður mikilvægt að siðareglurnar séu gefnar af því að þá dæma unglingarnir tilveru sína eftir eigin samvisku. Það eru einmitt þessar siðareglur sem gefa flokknum svo ótrúlega mikið forskot í samanburði við aðra óformlega hópa.

Hvað sem því líður er það alltaf persónuleg reynsla skátans að gangast undir skátalögin. Þegar upplifun er ánægjuleg og árangurinn góður, hneigist fólk til að endurtaka það sem skóp upplifunina. Ef skátinn mótar viðhorf sín ítrekað eftir gildum skátalaganna og er ánægður með að hafa hegðað sér í samræmi við tilfinningar sínar og hlotið viðurkenningu annarra fyrir vikið, verða gildin smám saman greypt, til frambúðar, í hegðun viðkomandi. Með þessu móti hætta skátalögin að koma utan frá og verða þess í stað persónuleg lífsviðhorf og gildi.

## **Flokksforinginn er kosinn af skátunum og gegnir mikilvægu hlutverki**

**Innri forysta flokksins ákvarðast af embættunum sem skátarnir skipta á milli sín. Þess vegna kjósa skátarnir flokksforingja og aðstoðarflokksforingja. Flokksforinginn og aðstoðarflokksforinginn eru fulltrúar flokksins í sveitarráðinu.**

Flokksforinginn skiptir miklu máli í flokknum. Unglingurinn sem verður foringi heldur áfram að vera einn af hópnum en hefur ákveðin mikilvæg hlutverk.

### **Flokksforinginn:**

- Hjálpar flokknum að ná markmiðum sínum.
- Gerir skátunum kleift að uppfylla þarfir sínar.
- Er sáttasemjari í ágreiningsmálum innan flokksins.
- Sýnir gildi flokksins í verki; foringinn er persónugeringur fyrir gildi, áhuga, metnað og löngun allra skátanna í flokknum.
- Er kveikjan að athöfnum flokksins.
- Leggur sig fram um að viðhalda samstöðu innan hópsins.

Baden-Powell lagði áherslu á mikilvægi flokksforingjans og benti á að „flokksforinginn [sé] ábyrgur fyrir góðum árangri og skynsemi flokksins. Skátarnir í flokknum fylgja flokksforingjanum ekki af ótta við refsingu, heldur af því að þeir eru hópur leikfélaga sem styður foringjann til að auka virðingu og velgengni flokksins“.

*(Scouting for Boys, 1908.)*

Í öðru riti tók hann skýrt fram að „sveitarforinginn vinnur í gegnum flokksforingjana“.

*(Aids to Scoutmastership, 1919.)*

Baden-Powell hafði þegar lagt áherslu á þessa hugmynd í eldri grein, þar sem hann sagði við foringjana: „Til að ná fyrsta flokks árangri með flokkakerfið þurfið þið að veita ungu foringjunum raunverulega og óhefta ábyrgð. Ef þið veitið bara takmarkaða ábyrgð, verður árangurinn líka takmarkaður.“

*(Headquarters' Gazette, May 1914.)*

Flokksforinginn er ekki persóna sem uppfyllir allar óskir sveitarforingjans og ekki heldur einhver sem þykist vita allt. Að því marki sem hægt er að krefjast þess af 13 til 15 ára unglingi, þarf flokksforinginn að hafa sýn, skýr markmið og góða samskiptahæfileika. Einnig viljann til að vinna og starfa í samvinnu við aðra, bæði í hópi foringja – innan sveitarráðsins og gagnvart foringjaflokknum – og með félögum á sama aldri eða yngri. Flokksforinginn einbeitir sér að og hvetur til samstarfs um að ná markmiðum skátanna. Flokksforinginn þarf að vera nógu opinn til að halda lífi í flokksandanum og hafa nægan skapgerðarstyrk til að gæta þess að skátaflokkurinn fari ekki út af sporinu.

Þess ber að geta að flokksforinginn er ekki einn um forystuna. Sumir skátarnir í flokknum geta tekið forystu við tiltekna aðstæður, allt eftir viðhorfum þeirra og kunnáttu og við hvað er fengist. Sú forysta nær mislangt, allt eftir aðstæðum.



## Einkenni skátaflokksins

Helstu táknið sem einkenna skátaflokk eru nafnið, fundarstaðurinn og flokksbókin.

- Með vali á *nafni* staðfestir flokkurinn sérstöðu sína, sjálfstæði sitt og þá tilfinningu skátanna að þeir tilheyri flokknum. Flokkurinn getur í raun valið sér hvaða nafn sem er. Oftast er valið nafn sem tengist nafni sveitarinnar og einnig er algengt að velja dýraheiti sem táknar vissa eiginleika sem skátarnir í flokknum vilja gjarnan vera þekktir fyrir.
- *Fundarstaðurinn* eða *flokksherbergið* á að vera heimavöllur flokksins, af því að þörfin til að helga sér svæði er eitt af því sem einkennir þennan aldurshóp. Herbergið eða flokksveggurinn eru skreytt eftir smekk og áhugamálum flokksins og endurspeglar tryggingu þeirra við staðinn. Þarna eru flokksfundirnir haldnir og áhöld og aðrar eigur flokksins geymdar. Þegar flokkurinn fer í útilegu með skátasveitinni þarf að hafa í huga þörf hans fyrir afdrep til að ráða ráðum sínum án truflunar frá öðrum flokkum, hvort heldur sem er í skála- eða tjaldútilegum.
- *Flokksbókin* er haldin af listrænum metnaði og þar eru skráðar mikilvægar staðreyndir og viðburðir í starfi flokksins og skátanna. Hún geymir sögu flokksins sem er hreykinn af fortíð sinni og vill skilja eftir sig ritaða heimild um starfið. Flokksbókin er einkabók, geymd á sérstökum stað og eingöngu sýnd öðrum ef flokkinn langar til þess. Einn skáti í flokknum er valinn tímabundið til að bera ábyrgð á því að bókin sé uppfærð reglulega en allir mega þó skrifa í hana.
- Flokkar geta búið sér til önnur einkenni að eigin frumkvæði, til dæmis hróp, kjörorð, fána, söng, leyniletur og margt fleira. Foringjarnir ættu að virða frumkvæði skátanna, en jafnframt hvetja til íburðarleysis og einfaldleika. Tilgangurinn er að forðast að ofhlaða einkennin með gervitáknum sem gætu látið flokkinn líta út fyrir að vera lokaða eða barnalega klíku.

## Í skátaflokknum er hægt að njóta þess að umgangast vini sína



Í lok greiningarinnar á skátaflokknum sem óformlegum hópi þarf að undirstrika að meginástæðan fyrir því að unglingarnir vilja tilheyra honum er að þeir kjósa að vera í vinahópi. Þetta er aðalatriðið og má aldrei gleymast.

Skátarnir í flokknum geta af ýmsum ástæðum verið lengur að uppfylla áfangamarkmiðin en sveitarforingjarnir hefðu helst kosið. Skátunum getur jafnvel farið aftur af og til. Haldi flokkurinn áfram að vera

samfélag vina sem njóta þess að vera saman er alltaf hægt að koma honum aftur á rétta braut. Það er ekki hægt að ætlast til þess að skátaflokkur sé „lærdómsvettvangur“ nema hann byggir á vináttu skátanna.

Í flokknum er vinátta í hávegum höfð og til þess að hún sé sönn þurfa tilfinningarnar að vera ósviknar og gagnkvæmar. Það verður auðveldara ef sveitarforingjarnir koma vingaðlega fram við unglingana. Þannig skapast hlýlegt andrúmsloft fyrir samskipti flokkanna í sveitinni.

Það er hægt að tileinka sér og læra vingaðlega framkomu við aðra, svo framarlega sem maður mætir slíku viðmóti sjálfur. Sé sveitin sundurleit og samskipti flokka lítil, ef sveitarforingjarnir eru fjarlægir og unglingarnir finna ekki hjá sér hvöt til að eiga samskipti við þá er líklegt að flokksforingjarnir tileinki sér svipaðan stjórnunarstíl. Stíll flokksforingjans hefur síðan áhrif á alla í flokknum og eyðir þannig einkennum hans sem vinahóps.

Vinátta er þungamiðja í sveitinni. Fólk hlustar hvert á annað, grín og glettni er óþvinguð og uppörvandi en ekki særandi. Unglingarnir hjálpa hverjir öðrum og fagna góðum árangri allra. Gestir eru boðnir velkomnir með brosi, virðing er borin fyrir skoðunum annarra, meira að segja þótt maður sé ósammála og hlýjan er ósvikin og án uppgerðar.

Í slíku andrúmslofti geta unglingarnir styrkt og dýpkað vináttuna innan flokksins og haldið þannig *einkennum óformlega* hópsins sem er fyrra markmið flokkakerfisins, en á því byggir seinna markmið þess; að vera *lærdómsvettvangur*.

# FLOKKURINN SEM LÆRDÓMSVETTANGUR

Um leið og unglingur heitir því að reyna að fylgja skátalögunum verður flokkurinn meira en bara vinahópur sem er gaman að umgangast. Hann verður líka lærdómsvettvangur sem stuðlar að persónulegum þroska unglingsins og býður honum að taka þátt í sameiginlegum verkefnum.

## Námið í skátaflokknum mótar unglinginn

Starfið í skátaflokknum beinist að því að kalla fram breytingu á hegðun, hvort sem það er á sviði:

- þekkingar (skilningur og kunnátta),
- leikni (geta unnið verk),
- eða afstöðu (hæfni til að meta aðstæður).



Það felst ekki eingöngu í að afla sér þekkingar – sem er í meginatriðum það sem gerist í skólastofu – heldur í vexti manneskjunnar innan frá, í öllum víddum persónuleikans: Greind, áhuga, viljastyrk, skapgerð, tilfinningum, samkennd og andlegum þroska. Það er uppeldi sem nálgast manneskjuna „sem heild“.

Við lærum á mjög ólíkan hátt og því verður þessi innri vöxtur hluti af samfelldu ferli sem felst meðal annars í því að hlusta, fylgjast með, spyrja, framkvæma, rannsaka, hugsa, meta sjálfan sig og hjálpa öðrum að læra.

Þar af leiðandi lærum við líka saman.




## Skátaflokkar læra með reynslunámi

Skátastarf er í meginatriðum reynslunám, bæði meðvitað og ómeðvitað og fer að mestu fram á þremur sviðum:

- Með sameiginlegri reynslu, með því að læra saman að sjá og túlka atburði, segja öðrum frá draumum sínum og sýna ákveðin gildi í verki, með því að vinna að settu ætlunarverki og einsetja sér að ljúka því að hluta til sameiginlega eða sem einstaklingar, myndar flokkurinn *samfélag* sem byggir á vináttu og starfar eftir gildum skátalaganna.
- Með undirbúningi, framkvæmd og mati á verkefnum. Á þessu sviði er skátaflokkurinn eins og *lítið fyrirtæki*. Flokkurinn hugsar upp verkefni, skipuleggur, útvegar þá hæfileika og tæknikunnáttu sem þarf til að ljúka því, útbýr og útvegar það efni sem til þarf, styður skátana við framkvæmd verksins, metur árangurinn og leiðir í ljós styrkleika, veikleika og mistök. Í flokknum eru mistök hluti af lærdómsferlinu. Þau gera engan að minni manni heldur eru fremur tækifæri til að sjá hvað hefði átt að gera á annan hátt.
- Með þeirri samfelldu reynslu sem fæst með sameiginlegum verkefnum tileinka skátarnir sér hegðunina sem áfangamarkmið skátahreyfingarinnar stefna að, enda hafa þeir gert markmiðin að sínum með því að setja sér persónulegar áskoranir við þau. Þessi þáttur námsins byggist á markmiðum og skátarnir í flokknum sjá sjálfir um *kennsluna* þegar þeir hjálpa hver öðrum að þroskast, hvetja félagi sína til dáða og styrkja sjálfsmynd hvers og eins.

## Mikilvægt er að þekkingin nýtist strax

Sé flokksstarf innt af höndum í samræmi við alla þessa þætti lærast reglurnar samhliða flokksstarfinu og nýtast sem sjálfsagðar í vinnu og leik.




Staðreyndir og upplýsingar sem maður lærir gleymast fljótt ef þær eru ekki notaðar til að leysa raunveruleg viðfangsefni. Námið í flokknum felst í því að tileinka sér þekkingu sem tengist tilteknu viðfangsefni og vera fær um að nýta þekkinguna þegar hennar er þörf. Ef foringi eða eldri og reyndari skáti hjálpar unglingum í fyrsta sinn sem þeir þurfa að elda í útilegu, aðstoðar þá og fylgist með þeim blanda saman ólíkum hráefnum, renna kennsla og nám saman í eina heild.



# Í skátaflokknum læra unglíngarnir sem hópur með því að vinna hvert verkefnið af öðru

Komið hefur fram að nám í skátaflokki sé að hluta meðvitað en að hluta ómeðvitað. Það stafar af því að hópnaði er síendurtekin hringrás í tengslum við verkefni og stöðugt flæði frá hinu hlutstæða til hins óhlutbundna og hinu verklega til hins huglæga.



- Með *sameiginlegri ígrundun* fylgjast skátarnir með eigin athöfnum og hugsun. Sameiginleg ígrundun hefst yfirleitt á mati á verkefni. Hvernig gekk það? Hvað hugsuðum við og hvernig leið okkur á meðan við unnum verkið? Hvaða kringumstæður höfðu áhrif á okkur? Hvað mistókst? Horfum við öðrum augum á aðstæður núna? Gekk vinnan betur en við bjuggumst við? Hvers vegna? Á þessu stigi koma fram mörg ólík viðhorf og málin eru metin frá ólíkum sjónarhornum, „*þeir smámunasömu*“ skera sig úr. Hvetja ber til sameiginlegrar ígrundunar þótt hún geti stundum virst fjarlæg eða jafnvel kjánaleg. Hún er nauðsynlegt skref í áttina að frumleika og nýsköpun.
- Á afar eðlilegan, næstum ómerkjanlegan hátt vikur ígrundunin fyrir *sameiginlegum skilningi* á því sem gerðist, á tengingu og sambandi milli þess sem var gert og þess sem hefði verið hægt að gera. Hvaða leiðir ættum við að velja núna? Hvað höfum við lært? Hvað gætum við gert næst? Þá er rétti tíminn til að flokka hugmyndir, skerpa sýnina, finna mögulega valkosti og uppgötva hvað á saman. Á því stigi koma fram „*þeir sem finna tengingar*“ og hafa hæfileikann til að finna af hverju hlutirnir gerðust á tiltekinn hátt.
- Næst kemur *sameiginleg skipulagning*. Þá eru ákvarðanir teknar á grundvelli möguleikanna sem varpað var fram á fyrra stigi. Einnig er framhaldið skipulagt í sameiningu. Þetta stig nær yfirleitt til breytinga á framkomu skátanna og hlutverkum þeirra. Í ákvarðanatöku felst að læra að greina á milli valkosta: „Þetta er það sem við ættum að gera og þetta er ástæðan fyrir því.“ Hér fá skátarnir sem eiga auðvelt með „*hópvinnu*“ að njóta sín. Fólk sem er frábært við að finna lausnir hefur gaman af að prófa sig áfram og brennur alltaf í skinninu að hefjast handa sem fyrst.

- Að lokum er komið að stigi *samstilltra athafna* þar sem hver og einn vinnur mismunandi verk sem beinast að sama markmiði, byggt á greiningunni sem fór fram á fyrri stigum. Á þessu stigi njóta „*þeir hagsýnu*“ sín best, sérfræðingar í að laga kenningu að veruleikanum; og ef þeir sjá að kenningin gengur ekki upp hafa þeir eðlislægan hæfileika til að framkvæma breytingar jafnharðan en það gerir þá ómissandi.

Þegar verki eða verkefni er lokið fer ferlið strax aftur á ígrundunarstigið með spurningunni: Hvernig gekk framkvæmd verksins? – Þannig heldur hringrásin óendanlega áfram.

Þeir ólíku hæfileikar sem við lýstum á öllum stigum þessarar hringrásar koma ekki endilega allir fyrir í sama skátaflokki. Hins vegar kallar stöðug notkun lærdómshringsins fram flestar gerðir þeirra hæfileika sem leynast innan flokksins og nýtir þá sem best. Ef þeir koma ekki allir fram sér flokksforinginn hvar veikleikana er að finna og sveitarforingjarnir hjálpa honum að bæta upp það sem á vantar. Séu allir þessir hæfileikar til staðar nær flokkurinn mjög góðum árangri en andrúmsloftið innan hans gæti virst einkennast af togstreitu. Flokksforinginn þarf að læra að stýra umræðum í hópi sem er mjög afkastamikill en erfitt er að stjórna.

Stigin þegar skilningur á vandamáli er ræddur og *sameiginleg skipulagning* fer fram þroska getuna til að hugsa óhlutbundið. Slíkt er nauðsynlegt til að skátarnir öðlist þekkingu og geti lært af reynslunni. *Samstilltar athafnir* og *sameiginleg ígrundun* þroska getuna til að halda sig við efnið sem er mikilvægur þáttur í persónulegri lífsfyllingu.

*Sameiginleg skipulagning* og *samstilltar athafnir* falla svo aftur undir athafnasviðið á meðan *sameiginleg ígrundun* og *sameiginlegur skilningur* teljast til hugsanasviðsins. Þannig gefst unglíngunum færi á að skilja að öll verk í lífinu fylgja ósýnilegum þræði sem sífellt hreyfist á milli hugsunar og athafna, kenninga og framkvæmda.

## Unglingar læra að læra



Einn af kostunum við slíkt hringrásarnám er að unglíngarnir læra næstum án þess að vita af því. Ef sveitarforingjarnir koma flokksforingjunum í skilning um að meginhlutverk þeirra sé að halda þessu „hjóli“ á hreyfingu verður ferlið hluti af lífsháttum unglínganna.

Þegar unglíngarnir uppgötva þessa hringrás eru þeir ekki eingöngu að meðtaka, heldur læra þeir líka að læra. Baden-Powell kallaði þetta „sjálfsnám“ og í dag er það stundum nefnt „meta-nám“ eða „nám um nám“.

Fólk lærir stundum í námsefnismiðuðu kennslukerfi en námið er kyrrstætt og fólk heldur stundum að það hafi lært námsefnið í eitt skipti fyrir öll. Í ferlismiðuðu kerfi er námið aftur á móti virkt af því að fólk lærir að læra.

Í síbreytilegum nútímaheimi þar sem hraði breytinga er það sem breytist einna mest kemur okkur að litlu gagni að byggja nám á ákveðnu námsefni einu saman vegna þess að það sem við lærum í dag getur orðið úrelt á morgun. Ef áhersla er aftur á móti lögð á ferlið sjálft í náminu erum við að læra að læra, að hafna því sem við lærðum og læra aftur, að vita hvernig við finnum eða sköpum námsefni og námstækifæri eftir þörfum.

Þetta er það sem gerist innan skátaflokksins í námi eða það sem ætti að gerast ef við notum flokkakerfið rétt. Þetta ferli lærist ekki af því að hlusta á fyrirlestra. Það lærist með virkni, upplifun, samræðum og því að velta hlutunum fyrir sér; hugsa og ígrunda. Þess vegna er skátaflokkurinn ákjósanlegt lærdómsumhverfi.

Til þess að árangursríkt nám geti átt sér stað þurfum við að skapa lærdómsvettvang.

## ***Skátaaðferðin skapar lærdómsvettvang innan flokksins***

Lærdómsvettvangur er óápreifanlegt en raunverulegt fyrirkomulag sem einkennir allt starfið í skátasveitinni, hefur áhrif á hegðun allra skátanna og auðveldar nám þeirra og þroska. Í dag vitum við að slíkur lærdómsvettvangur er til – alveg eins og þyngdarafli og loft- og hljóðbylgur – ekki af því að við sjáum hann heldur af því að við finnum áhrifin.

Sem leiðbeinendur höfum við sjálf séð þegar vel tekst til á námskeiðum hvernig þessi lærdómssvið virka í raun. Við undirbúum vandlega uppröðun og skipulag í herberginu þar sem námskeiðið fer fram; tölur, skjávarpa og flettistöflur fyrir kynningarnar, form samræðna og útvegum efni og áhöld þannig að allt gangi vel fyrir sig. Svo koma þátttakendur með sitt framlag til umræðunnar og mynda tengsl sem við hefðum aldrei skapað og ekki einu sinni komið til hugar. Allt í einu skiljum við að allir þessir þættir hafa skapað lærdómsvettvang sem gerir okkur að mörgu leyti óþörf.

Á sama hátt eru rými skátaflokka okkar og skátasveitarinnar ekki auð heldur samofin úr ósýnilegum þráðum tengdra viðhorfa og umræðna sem skapa andrúmsloft sem mótar hegðun skátanna.

Meðal þátta sem hafa áhrif hver á annan og mynda lærdómsvettvang eru:

- Sýnilegur áhugi á persónulegum framförum allra unglínganna.
- Umhverfi sem er laust við neikvæða gagnrýni, refsingar eða þvingunaraðgerðir.
- Hvatning til þátttöku, sköpunargleði og nýbreytni.
- Frjálst streymi upplýsinga.
- Spennandi og ögrandi viðfangsefni.
- Viðurkenning á framförum skátanna veitt á „réttum“ tíma.
- Umburðarlyndi gagnvart sjálf-sprottnum viðbrögðum og athöfnum.
- Vilji til að hlusta.
- Löngun til að prófa eitthvað nýtt.
- Að hvatt sé til skoðanaskipta.
- Endurtekin víxlverkun.
- Að skátaforingjarnir séu fúsir að læra.
- Umburðarlyndi gagnvart námshraða hvers skáta fyrir sig.
- Sveigjanleg stjórnun.
- Fáar óbreytanlegar reglur.

Sköpun lærdómsvettvangs þýðir ekki að það þurfi að ræða hann eða halda kynningar til að útskýra hann. Það nægir að skapa aðstæður eins og nefndar voru hér að framan til þess að lærdómsvettvangurinn spretti upp af sjálfu sér.

Allir flokksforingjar sem undirbúa útilegu vandlega, úthluta verkum, hvetja einstaka skáta til dáða, leggja fram spennandi verkefni, fá alla til að taka þátt í þeim og segja skoðanir sínar á yfirvegaðan og ábyrgan hátt. Þeir fylgja dagskrá og skapa fjölmargar aðrar aðstæður eins og nefndar voru að framan, komast allt í einu að því að „þetta gengur bara vel“, að unglingsarnir virðast hafa breyst og taka stöðugum framförum. Án þess að þeir hafi gert sér grein fyrir því, eða vitað að umhverfið sem þeir hafa skapað með aðgerðum sínum heiti eitthvað sérstakt, hefur þeim samt tekist að búa til lærdómsvettvang.

Eitt meginverkefni skátaforingja – ekki síst sveitarforingja, flokksforingja og aðstoðar-flokksforingja – er að skapa og viðhalda lærdómsvettvangi í skátastarfi. Ef lærdómsvettvanginn vantar verður flokkakerfið gagnslítið og flokkarnir breytast í eins konar rekstrareiningar innan skátasveitarinnar.

## *Skátaflokkurinn hvetur unglingana til þátttöku í nærsamfélaginu*



Undir því yfirskeyni að unglingsarnir séu á mótunarskeiði starfa margar skátasveitir og flokkar eingöngu inn á við, en við það einangrast þeir frá samfélaginu.

Í fyrsta lagi er ekkert eitt mótunarskeið. Ævi okkar er miklu fremur langt og samfelld mótunarskeið og við hættem aldrei að læra. Í öðru lagi er það staðföst skoðun okkar að á skátauppeldið þurfi að reyna í stærra samhengi til þess að það komi að gagni.

Nánasta umhverfi skátaflokks er nærsamfélagið, nánar tiltekið skátafélagið, skólinn, félagarnir, bærinn, hverfið, foreldrar og fjölskyldur unglingsanna. Skátarnir læra margt ef þeir eru opnir gagnvart þessu umhverfi, af því að slíkt samspil er eins konar „spegill“ sem varpar ljósi á hvað þeim hefur farið fram í persónulegum þroska.

Auk þess veitir nærumhverfið gullið tækifæri til að sýna hjálpssemi. Mörg hverfasamtök og stofnanir uppgötva aldrei tilganginn með skátastarfi eða halda að skátarnir séu í sjálfu sér ágætir en komi öðrum að litlu gagni.

## **Skátaflokkurinn hefur líka áhuga á samfélaginu í víðara samhengi**

Samfélagið í víðara samhengi hefst þar sem nærumhverfinu lýkur. Með samfélaginu í víðara samhengi er átt við borgina eða bæjarfélagið, sveitarfélagið, landið og heiminn.



Í skátastarfi merkir það skátafélögin, BÍS og alheimsbandalag skáta; WOSM og WAGGS.

Í samtengdum og hnattrænum heimi, þar sem margt af því sem gerist innanlands er afleiðing viðburða í öðrum heimshlutum, getur skátaflokkurinn ekki lært einangraður frá öðrum. Hann þarf að fá að vita hvernig heimurinn virkar með öllum sínum samskiptanetum, áhrifavöldum, vandamálum og þátttakendum. Ungt fólk hefur aðgang að endalausum upplýsingum og notar netið markvisst. Unglingar þurfa að þroska með sér hæfileika til að draga ályktanir og skilja ástæður sem búa að baki þessum upplýsingum og fréttum.

Allur heimurinn er meira og minna tengdur. Hvernig getum við lifað á einum stað en ekki haft áhuga á því hvernig sá staður tengist öðrum? Ungt fólk er spurult og sú forvitni finnur sér farveg í skátastarfi. Við skulum ekki gleyma „áhuganum á að kanna ný svið“ og „lönguninni til að nema nýjar lendur“. Áhugi á samfélaginu í víðara samhengi eykst hröðum skrefum ef hvatt er til hans.

## **Flokkurinn getur verið fyrir annað kynið eða bæði**

Það hefur verið deilt um það hvort hver skátaflokkur fyrir sig eigi að vera blandaður eða bara fyrir annað kynið. Báðar fylkingarnar nota yfirleitt sömu rökin sem standa sjaldan á sérlega traustum grunni né byggja á viðhlítandi sjónarmiðum. Inn í deilurnar blandast næstum alltaf síðir, venjur, hefðir, ótti, tíska og uppeldis- og hugmyndafræðileg hugtök.

Til að skýra þetta mál betur ætlum við að benda á nokkra þætti sem eru í samræmi við lífeðlisfræðilegan þroska unginga og flokkakerfið sem skátadferðin leggur til.



- Til að geta svarað spurningunni um hvort skátaflokkur eigi að vera blandaður eða ekki þarf fyrst að líta til náttúrulegrar samsetningar jafningjahópsins. Ef við stöndum fast á því að skátaflokkurinn sé lærdómsvettvangur upp að því marki sem það er virt að hann sé óformlegur hópur er fyrsta reglan afar skýr: Ef jafningjahópurinn sem verður að skátaflokki er blandaður verður skátaflokkurinn líka að vera það; og ef unglingarnir í óformlega hópunum eru allir af sama kyni verður flokkurinn að vera annað hvort fyrir stelpur eða stráka. Ef við eigum að vera sjálfum okkur samkvæm í röksemdafærslunni þarf ekki að ræða þetta mál frekar.
- Sömu viðmið ætti að nota þegar nýir meðlimir ganga í flokkinn. Fyrst er ráðgast við flokksþingið um það hvort flokkurinn vilji halda áfram að vera fyrir annað kynið eða bæði eða vilji breyta núverandi ástandi.
- Þegar þessu hefur verið komið á framfæri ættum við að spyrja okkur sjálf: Hver er náttúruleg tilhneiging ungmenna á þessum aldri? Á aldrinum 11 til 13 ára, „líffræðilegu“ stigi gelguskeiðsins, þegar ungmennin leita fremur inn á við og er brugðið yfir breytingunum á líkama sínum, er tilhneiging innan allra menningarheima að strákar hópi sig sér og stelpur myndi hópa saman. Það þýðir ekki að unglingarnir eigi ekki vini af báðum kynjum en líkurnar eru mestar á að í hópunum sem þeir telja „hópin sinn“ séu jafnaldrar af sama kyni.
- Frá 13 eða 14 ára aldri, allt eftir uppeldi og einstaklingsbundnum aðstæðum hvers og eins, fara ungmennin fyrr eða síðar aftur að eiga vini af báðum kynjum í nánustu vínahópum sínum þótt það sé að vísu ekki alveg með sömu formerkjum og í bernsku. Þegar undrunin á öllum líkamlegu breytingunum er liðin hjá, býið að sigrast á feimninni og tileinka sér breytingarnar er eðlilegt að áhugi á hinu kyninu geri vart við sig og þá koma næstum alltaf upp blendnar og ruglingslegar tilfinningar.
- Þar sem aldurstig dróttskátanna er á milli 13 og 15 ára er ekki ólíklegt að unglingarnir eigi eða vilji eiga vini af báðum kynjum. Jafningjahópurinn er því oft blandaður – hvers vegna ætti skátaflokkurinn þá ekki einnig að vera blandaður?
- Ef dróttskátaflokkurinn er jafnaldrar er allt eins líklegt að unglingarnir vilji blandaðan hóp.

Ef nýir meðlimir bætast í skátaflokkinn getur uppbygging hans breyst úr jafnaldrarflokki yfir í aldursblandaðan eða öfugt. Þessi breyting gæti haft áhrif á kynjasamsetninguna. Flokkurinn gæti breyst úr því að vera stráka- eða stelpuflokkur yfir í blandaðan flokk eða öfugt. Það er engin ástæða til að standa í vegi fyrir slíkum sveigjanleika skátaflokksins, af því að hann endurspeglar áherslu skátahreyfingarinnar á að setja óformlega jafningjahópinn í öndvegi.



# Viðmið við ákvörðun um blandaða skátaflokkka

Eftir að hafa farið yfir rökin sem talin voru upp hér á undan og skilgreina hvar vandamál gætu komið upp er mælt með því að miða við eftirfarandi þegar tekið er á málinu:

- Leggið til að sveitarráðið hafi sveigjanlega stefnu, sé opið fyrir öllum möguleikum og forðist að gera einu sjónarmiði hærra undir höfði en öðru. Þetta þýðir að í sömu sveit geta samtímis verið stelpnaflokkar, strákaflokkar og blandaðir flokkar, allt eftir náttúrulegri samsetningu jafningjahópanna.

Þetta þýðir einnig að ákveðinn skátaflokkur er ekki endilega eingöngu fyrir stráka eða stelpur eða blandaður um alla framtíð. Slíkt ræðst af því hvernig flokkurinn þróast með tímanum, breytingum á samsetningu hans og skapgerðareiginleikum skátanna.

Skátasveit með blönduðum flokkum í stað flokka sem eru bara fyrir stráka eða stelpur krefst auðvitað annars konar færni af sveitarforingjunum. Foringjaflokkurinn verður að sjálfsgöðu að vera blandaður, stjórnunarstíll verður ólíkur og það væri ráðlegt að láta foringja af sama kyni fylgjast með persónulegum framförum hvers unglings.

- Hreinskilni er þáttur í stefnumörkun skátasveitarinnar og því er gott ráð að bera málið upp á sveitarþingi. Eins og Baden-Powell orðaði það: „Spyrjið unglingsinn.“

Það sem meira er, í fyrsta sinn sem möguleiki á blönduðum skátaflokkum er nefndur í sveit þar sem einungis er annað kynið eða í blandaðri sveit með stráka- og stelpuflokkum eða í umhverfi þar sem blandaðir hópar eru ekki viðtekin venja, er ráðlegt að fara ítarlega yfir málið með öllum sem eiga aðkomu að skátafélaginu; foreldrum, foringjaráði félagsins og félagsstjórn.

Vönduð uppeldisumræða áður en málið er útkljáð gerir foreldrunum kleift að fylgjast með, veitir víðtækari skilning á uppeldisröksemdunum og kemur í veg fyrir misskilning. Líklegt má telja að víðtækari samstaða og betri stuðningur fái við ákvörðunina síðar. Hvað sem öllu öðru líður ætti sveitarráðið að taka ákvörðunina, svo framarlega sem slíkt er mögulegt.

- Um leið og einhugur ríkir um sveigjanleika í samræmi við framangreind viðmið ætti að meta einstök mál í samræmi við þau viðmið. Í því felst að virða þá náttúrulegu samsetningu sem jafningjahópurinn hefur eða vill hafa.
- Leitist við að tryggja að þótt bæði eða einungis annað kynið sé í hópnum spilli það ekki fyrir eðlilegum hreyfiöflum innan hans, raski innbyrðis vináttutengslum eða leiði til þess að hann verði síður lærdómsvettvangur. Ef skátaflokkur kemst ekki að samkomulagi um þetta mál og ágreiningurinn dregur úr samheldni þarf að skera úr um málið með umræðu á milli flokksins og sveitarráðsins.
- Þegar blandaðir flokkar eða blandaðar sveitir með stráka- eða stelpuflokkum eiga í hlut þarf að hyggja vel að grunnkröfunum sem taldar eru upp fyrir blandaðar sveitir í 5. kafla.



## **Skátaflokkurinn starfar á grundvelli skátaaðferðarinnar og samskipti flokkanna fara fram innan skátasveitarinnar**

Þegar við skilgreindum skátaflokkinn sem lærdómsvettvang nefndum við tvo þætti sem hafa ekki enn verið greindir ítarlega. Sá fyrri er að flokkurinn er samfélag sem starfar á grundvelli skátaaðferðarinnar og sá seinni snýr að samskiptum flokkanna.

Í kafla 4 eru allir þættir skátaaðferðarinnar greindir og sýnt hvernig þeir vinna saman í skátastarfinu.

Í kafla 5 er skátasveitin hins vegar skoðuð, en þar fara samskipti skátaflokkanna fram.

